



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 21. júní 2019  
R18060129  
100

Skóla- og frístundaráð


Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

***Ný samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð.***

Á fundi borgarstjórnar þann 18. júní 2019 var 5. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 14. júní; samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt



Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð 18. júní 2019.

SKJALAVER HÖFÐATORGI
25. JÚNÍ 2019
Málsnr.: SFS2019-06-0217
Bréfalykill: 0.2

## Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### Verksvið

#### 2. gr.

Skóla- og frístundaráð skal móta stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar og frístundastarfi barna og ungmenna. Einnig mótar skóla- og frístundaráð stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu. Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri skóla- og frístundasviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Skóla- og frístundasvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

### Verkefni

#### 3. gr.

Skóla- og frístundaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólanefndar skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Þá fer skóla- og frístundaráð með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lýtur að daggæslu í heimahúsum.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur skóla- og frístundaráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í skóla- og frístundastarfi.
2. Hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, og gerir tillögur til borgarráðs um úrbætur.
3. Fylgir því eftir að öll skólaskyld börn, sem rétt eiga á skólavist í Reykjavík, njóti lögboðinnar fræðslu.
4. Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi. Staðfestir starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ár hvert og skólanámskrá einstakra leik- og grunnskóla.
5. Fylgist með og stuðlar að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
6. Hefur eftirlit með rekstri og starfi leik- og grunnskóla, frístunda-, félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Hefur eftirlit á grundvelli þjónustusamninga með sjálfstætt starfandi leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og öðrum skólum sem njóta fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
7. Gætir þess að leikskólar, grunnskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar og frístundaheimili á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um stofnun og staðsetningu starfseininga á vegum sviðsins.
8. Veitir leyfi til reksturs sjálfstætt starfandi leikskóla.

9. Hefur eftirlit með framkvæmd daggæslu barna í Reykjavík skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, og er jafnframt stefnumótandi á því sviði.
10. Hefur eftirlit með greiðslum til dagforeldra.
11. Hefur eftirlit með starfsemi skólahljómsveita.
12. Hefur eftirlit með starfsemi Námsflokka Reykjavíkur.
13. Fylgir eftir framkvæmd 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla.
14. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
15. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög til sjálfstætt starfandi rekstraraðila leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur frumkvæði að gerð reglna og samninga þar um.
16. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög vegna daggæslu barna í heimahúsum og hefur frumkvæði að gerð reglna þar um.
17. Stuðlar að tengslum og samstarfi skóla, s.s. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla svo og samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og tónlistarskóla.
18. Skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefndir/stjórnir tónlistarskóla, sbr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

#### 4. gr.

Skóla- og frístundaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

#### *Skipan*

#### 5. gr.

Skóla- og frístundaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum, kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum og foreldra í leik- og grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Skóla- og frístundaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

#### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 6. gr.

Formaður skóla- og frístundaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

#### *Boðun funda og fundarsköp*

##### *7. gr.*

Skóla- og frístundaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

##### *8. gr.*

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Skóla- og frístundasvið sér um skrifstofuhald fyrir skóla- og frístundaráð og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

#### *Samráð*

##### *9. gr.*

Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra, íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal skóla- og frístundaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Skóla- og frístundaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

### *Fjármál*

#### 10. gr.

Skóla- og frístundaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstri sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

### *Ráðningar*

#### 11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri ræður skólastjóra leik- og grunnskóla og í aðrar stjórnunarstöður á skóla- og frístundasviði. Forstöðumenn og skólastjórar ráða aðra starfsmenn á starfsstaði skóla- og frístundasviðs.

### *Málsmeðferð*

#### 12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu skóla- og frístundaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla- og frístundaráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð frá 20. september 2011 með breytingum samþykktum í borgarstjórn 2. desember 2014 og 19. maí 2015.

*Samþykkt í borgarstjórn*

*18. júní 2019*